

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Austurvegar, Eyjabýggðar og Búðartanga, Hrísey.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 23. júlí 2009 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Austurveg, Eyjabýggð og Búðartanga í Hrísey.

Með breytingunni eru m.a. húsnúmer við Eyjabýggð lagfærð, byggingarreitum breytt og lóðarmörkum og skilmálum breytt fyrir Búðartanga 2A.

Breyting á deiliskipulagi Klettaborgar, Akureyri.

Bæjarráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. júlí 2009 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Klettaborg.

Breytingin felst í að lóð nr. 5 við Klettaborg stækkar um 4 m til norðurs.

Deiliskipulagsáætlanirnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. skipulagsstjóra Akureyrarkaupstaðar, 7. ágúst 2009,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 21. ágúst 2009